

ERINDISBRÉF

Búseta í atvinnuhúsnæði á höfuðborgarsvæðinu

Ábyrgðarmaður:

Formaður stjórnar Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins (SHS).

Inngangur:

Kortlagning á búsetu í atvinnuhúsnæði nær aftur til ársins 2003. Nýleg kortlagning frá 2017 sýnir umtalsverða fjölgun á slíkri búsetu undanfarin ár. Ástand eigna sem um ræðir er mismunandi, allt frá því að vera til fyrirmyndar yfir í frekar bágborið ástand. Áætla má að þessar eignir séu vel yfir 300. Erfitt er um vik að banna slíka búsetu vegna ýmissa þátta, m.a. skorts á íbúðarhúsnæði og þróunar á skipulagi og nýtingu hverfa á höfuðborgarsvæðinu. Meginhlutverk sveitarfélaganna í þessu verkefni er að hafa áhrif á öryggi og velferð þeirra sem búa í atvinnuhúsnæði en þau eru á öllum aldri.

Helstu verkefni:

Mikilvægt er að verklag hafi að leiðarljósi öryggi þeirra sem búa í atvinnuhúsnæði og skal horft til eldvarna, hollustuhátta sem og skipulagsmála. Undirstrika skal ábyrgð eiganda húsnæðisins sem er mjög skýr, þ.e. ef breytingar eru gerðar á atvinnuhúsnæði með það að markmiði að nýta það til búsetu ber eiganda að afla sér tilskilinna leyfa áður en fólk tekur sér þar búsetu. Einnig þarf að huga að því hvaða leiðir eru færar fyrir alla þá sem vilja koma með ábendingar til sveitarfélaganna um þennan málaflokk og tryggja markvissa úrlausn á þeim. Ekki er síður mikilvægt að nýta starfsmenn sveitarfélaganna á markvissan hátt og þau úrræði sem sveitarfélögin hafa yfir að ráða sem stjórnvald og beita markvissri forgangsörðun og flokkun verkefna aðgerða og eftirlits.

Hlutverk:

Hlutverk starfshópsins er að leggja fram drög að sameiginlegri stefnu fyrir sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu um verklag og eftirlit með búsetu í atvinnuhúsnæði. Stefnan þarf m.a. að taka á kortlagningu, flokkun verkefna, forgangsörðun aðgerða og eftirlits.

Starfshóppinn skipa:

Rósa Guðbjartsdóttir formaður. Fulltrúar frá skipulaginu, byggingarfulltrúum og heilbrigðiseftirliti á höfuðborgarsvæðinu ásamt fulltrúa frá Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu og SHS, auk löglærðs aðila með þekkingu á málefnum sveitarfélaga.

Starfsmaður starfshópsins:

Fulltrúi frá SHS.


Til ráðgjafar og samstarfs:

Starfshópurinn leitar ráðgjafar hjá aðilum með sérþekkingu á viðfangsefninu innan sem utan sveitarfélaganna.

Starfstímabil:

Starfshópurinn skili ábyrgðarmanni niðurstöðum í desember 2019.

Reykjavík, 14. júní 2019



Dagur B. Eggertsson,
formaður stjórnar SHS.